

Staðalmyndir

Veljið einn umræðustjóra sem hefur það verkefni að gæta þess að allir komist að í umræðunni og einn ritara sem skráir niðurstöður. Ræðið svo og svarið eftirfarandi spurningum:



1. Hvað eru staðalmyndir? Nefnið nokkur dæmi.

2. Skipta staðalmyndir um kynin einhverju máli? Hvers vegna, hvers vegna ekki?

3. Hvernig er hægt að hafa áhrif á staðalmyndir og hvers vegna er það æskilegt?

4. Hver er munurinn á staðreyndum, um það sem er ólíkt hjá kynjunum, og staðalmyndum?

Kynjahlutverkin í fjölmiðlum 1

Í fjölmiðlum birtast oft skýrar ímyndir um hlutverk kynjanna. Settu upp kynjagleraugun og flettu í gegnum dagblöð og tímarit, horfðu á fréttir og annað sjónvarpsefni, hlustaðu á útvarpið og vafrðu á Netinu. Vertu vakandi fyrir efni þar sem greinilegt er að kynin eru sett í ákveðin hlutverk. Greindu svo frá því í stuttu máli sem vakti athygli þína og hvernig staðalmyndir koma fram í því sem þú valdir. Hafir þú valið prentað efni máttu gjarnan klippa/prenta það út og líma við hlið textans.

Efnið sem ég tók eftir birtist í:

Sjónvarpi Útvarpi Dagblaði Tímariti

Auglýsingabæklingi Á Netinu Annars staðar _____

Um hvað var fjallað?

Með hvaða hætti komu fram staðalmyndir í efninu/umfjölluninni?

Hvaða áhrif getur það haft þegar svona efni birtist í fjölmiðlum? Segðu þína skoðun.

Pláss fyrir úrklippu. Ef það er of lítið límið þá aftan á blaðið.



Kynjahlutverkin í fjölmiðlum 2

Veldu einn fréttatengdan þátt til að fylgjast með í sjónvarpi eða útvarpi og skráðu hjá þér eftirfarandi upplýsingar:



Hvaða þátt horfðir/hlustaðir þú á? _____ Dags: _____

Hvers kyns var þáttastjórnandi/þáttastjórnendur:

KK: KVK:

Segðu frá þremur atriðum í þættinum – um hvað var fjallað og hvers kyns voru viðmælendur?

1. atriði: _____

Kyn viðmælenda:

KK: KVK:

2. atriði: _____

Kyn viðmælenda:

KK: KVK:

3. atriði: _____

Kyn viðmælenda:

KK: KVK:

Eftir hverju tókstu í sambandi við aðkomu kynjanna að þættinum sem þú horfðir á?
